

Nefndarsvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Hafnarfirði, 13. maí 2016
1604443 RE

Efni: Frumvarp til laga um útlendinga, 728. mál til umsagnar

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar tók á fundi sínum þann 6. maí sl. fyrir erindi frá nefndasviði Alþingis dags. 22. apríl sl. þar sem ofangreint þingmál var sent til umsagnar. Ráðið fól fjölskyldusviði að óska eftir fresti til að skila umsögn og meta jafnframt hvort tilefni væri til að Hafnarfjarðarbær veiti sérstaka umsögn.

Frestur var veittur til 12. maí og telur sviðið í ljósi reynslu sveitarfélagsins af málefnum útlendinga nauðsynlegt að veita umsögn um frumvarpið. Hafnarfjarðarbær hefur á síðustu árum gert samninga við velferðarráðuneytið um móttöku kvótaflóttamanna, samningur var gerður við innanríkisráðuneytið um þjónustu vegna hælisleitenda og s.l. sumar staðsetti Útlendingastofnun móttökumiðstöð fyrir hælisleitendur í sveitarfélaginu. Auk þess hefur fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar reynslu af þjónustu við útlendinga í neyð sem leita á náðir sveitarfélagsins.

Eins og staðan er í dag er munur á aðbúnaði og þjónustu við hópa flóttafólks. Svokallað kvótaflóttafólk fær viðameiri þjónustu en einstaklingur sem fær stöðu flóttamanns eftir hælismeðferð. Eftir að hælisleitandi fær stöðu sem flóttamaður þá lýkur stuðningi Útlendingastofnunar og viðkomandi leitar því á náðir þess sveitarfélags þar sem viðkomandi dvelur. Ekki er fyrir hendi samningur milli ríkis og sveitarfélaga varðandi kostnað sem hlýst af hjá sveitarfélaginu. Í lögum og viðmiðunarreglum er tilgreint að ákveðinn kostnaður sé endurgreiddur sveitarfélagi. Ekki er endurgreiddur starfsmannakostnaður vegna þessarar vinnu. Oft á tíðum er um umfangsmikla vinnu margra fagaðila sem koma að málum. Þetta þarf að lagfæra. Mikl vægt er að stuðningur við þessa hópa þarf að vera sambærilegur og ekki er málefnalegt að aðgreina flóttamannahópa. Fyrst og síðast er nauðsynlegt að flóttamenn fái mannúðlega þjónustu burtséð á hvaða forsendum viðkomandi kemur til landsins.

Einnig má benda á mismun í þjónustu við hælisleitendur sem eru í þjónustu sveitarfélaga eða í þjónustu Útlendingastofnunar. Hælisleitendur sem eru í þjónustu sveitarfélaga skv. samningi Útlendingastofnunar við sveitarfélag fá umfangsmeiri stuðning og þjónustu. Hælisleitendum hefur fjölgað mikið síðustu misserin og hefur ekki tekist að semja við sveitarfélögin um nauðsynlega þjónustu auk þess sem meðferðartími virðist hafa lengst með tilkomu kærunevndar útlendingamála.



HAFNARFJÖRÐUR

Í frumvarpinu er kveðið á um að móttökumiðstöð sé til staðar. Ráðuneyti geti eftir atvikum falið viðeigandi stofnun, sveitarfélagi, félagasamtökum eða öðrum rekstur hennar á grundvelli þjónustusamnings. Í Hafnarfirði var staðið þannig að málum þegar sett var á fót móttökumiðstöð sumarið 2015 að sveitarfélagið var upplýst um að slík stofnun yrði sett á laggirnar. Ekki var gert ráð fyrir aðkomu sveitarfélagsins að starfsseminni og ekki gerður samningur við sveitarfélagið um þjónustu við börn og fullorðna sem þar búa. Fljótlega kom á daginn að sveitarfélagið hefur lagt til ýmsa þjónustu s.s. skólavist, félagsráðgjöf, barnaverndarvinnu o.fl., o.fl. Kostnaður vegna þessa hefur ekki nema að litlu leyti fengist greiddur. Kveða þarf á um að samningum sé gerður við sveitarfélög vegna þessarar starfssemi. Í frumvarpinu segir að ráðherra setji reglugerð um nánari stofnun og almennan rekstur miðstöðvárinnar. Í reglugerð þarf að koma fram starfsmannahald, sérþekking starfsmanna, aðkoma barnaverndaryfirvalda, o.fl. Starfsemi móttökumiðstöðvar þarf að byggja á samningum við sveitarfélög.


Auk þessa er mikilvægt að festa í sessi ferla hvað varðar upplýsingaflæði milli Útlendingastofnunar, lögreglu og sveitarfélaga hvað varðar hælisleitendur í þjónustu sveitarfélaga og þá sem fá stöðu flóttafólks eftir hælismeðferð. Hér þarf ekki síst að gæta að hagsmunum barna og viðkvæmri stöðu þeirra. Sveitarfélög þurfa að koma að gerð slíkra ferla.

Í ljósi reynslu sveitarfélagsins er lögð mikil áhersla á að skýrt sé kveðið á um aðkomu barnaverndaryfirvalda að málefnum útlendinga. Réttindi barna verða að vera skýr og Barnasáttmáli Sameinuðurríkjanna og barnaverndarlög höfð að leiðarljósi. Börn hælisleitenda og flóttamanna þurfa sérstaka vernd og væri æskilegt að kanna stöðu allra barna sem koma til landsins á þessum forsendum. Starfsfólk barnaverndarnefnda sveitarfélaganna hefur þekkingu og reynslu af flóknum barnaverndarmálum og gæti komið hér að málum. Nauðsynlegt er þá að gerður sé samningur við sveitarfélag ef veita á slíka þjónustu.

Sveitarfélög eru að fóta sig í nýjum verkefnum hvað varðar málefni hælisleitenda og flóttamanna. Mikilvægt er að starfsfólk á vettvangi fá viðeigandi fræðslu og geti leitað sér þekkingar í því skyni að efla þjónustu við þennan viðkæma hóp fólks. Málefni barna á flóttu eru sérlega viðkvæm og vandmeðfarin og nauðsynlegt að efla og styðja fagfólk í sinni vinnu að málefnum fjölskyldna og barna á flóttu.

Undirrituð veitir fúslega frekari upplýsingar.

Virðingarfyllst,



Rannveig Einarsson
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar